

Grábrókarhraun í Borgarbyggð. Mældar
lindir við ós Hraunár

Þórólfur H. Hafstað

Greinargerð PHH-2001-09

26. mars 2001

Grábrókarhraun í Borgarbyggð

Mældar lindir við ós Hraunár


Hreðavatn er uppstíflað stöðuvatn við jaðar Grábrókarhrauns. Mestur hluti af afrennsli vatnsins streymir gegn um gropið hraunið og kemur fram í nokkrum vatnsmiklum lindum við Norðurá. Þar er náttúran fögur í hraunjaðrinum við kliðmjúkar lindir, enda finnast þarna örnefi á borð við Paradís. Flestar eru uppspretturnar þar sem vik eru inn í hraunbrúnina og oftast heldur illa aðgengilegar ef hugsað er til virkjunar. Ekki er þó svo með allar. Tvær lindir eru undan Grábrókarhrauni neðst, alveg niður undir Norðurá. Stuttur lækur fellur frá þeim í ána við veiðistað, sem merktur hefur verið sem "Ketilbrot". Á sömu slóðum rennur Hrauná í Norðurá. Rennsli í henni er miklum sveiflum háð enda er hún nokkkurs konar yfirfall Hreðavatns.

Lindavatnið kemur úr hraunjaðrinum, sem er ofan á þéttu leirlagi. Lindirnar eru álíka stórar og eru um 15 m milli þeirra. Vatnið frá þeim sameinast í einn læk, sem rennur rúma 30 m uns áin tekur við honum. Nokkrum sinnum hefur verið giskað á rennsli í læknum og virðist sem mönnum beri nokkuð vel saman um að áætlað vatnsmagn að sumri til gæti verið nálægt 60 l/s. Ekkert er vitað um hugsanlegar rennslissveiflur í lindunum.

Rennsli frá lindunum var mælt þann 25. mars 2001. Þá var blíðskaparveður en um 6° frost. Rennsli í Hrauná var ekkert um ræsið á þjóðveginum, en örlítið virtist smita út í farveg hennar neðan vegar, þannig að við ármótin var rennsli í Hrauná ca. 10 l/s og virtist mest mýraskólþ. Lindalækurinn var mældur með fleytingu, en þá er hlut fleytt um farveg, sem hefur þekkta lengd og dýpt og tíminn mældur. Þessi aðferð er stundum nefnd hrossaskítsaðferð í óvirðingarskyni, en sannast sagna getur hún verið furðunákvæm ef vel ef að staðið. Svo var hér.

Rennslið í lindalæknum mældist vera rúmir 50 l/s. Ekki er að sjá á farveginum að um verulegar rennslissveiflur sé að ræða í læknum, en í honum vex brúnleitt slý og vel grónir bakkar liggja að honum. Hiti mældist 4.3°C, sem er gráðu kaldara en mældist í sumar. Lindirnar eru tvær og er nánari grein gerð fyrir mælingunum á hvorri fyrir sig í töflunni hér á eftir.

	Mið- gildi	min	max
Lind A (nyrðri)	24 l/s	21 l/s	27 l/s
Lind B (syðri)	30 l/s	27 l/s	33 l/s
Alls í læknum	54 l/s	48 l/s	60 l/s


 Þórolfur H. Hafstað